



## Fjárlög 2022 – mun betri niðurstaða en á síðasta ári

*Samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum verður heildarafkoma ríkissjóðs neikvæð um 186 ma.kr. í ár. Halli ríkissjóðs verður því tæplega 5% af VLF sem er innan þess óvissusvigrúms sem er heimilt samkvæmt fjármálastefnu, en þar er hámarkið sett við 5,5% af VLF. Áætluð afkoma er því innan þeirra marka sem tilgreind eru í stefnunni og sama gildir um skuldir ríkissjóðs.*

Afkoma ríkissjóðs batnar því um 140 ma.kr. milli fjárlaga árunna 2021 og 2022, en áætlanir gera nú ráð fyrir að afkoma ársins 2021 verði um 35 mö.kr. betri en reiknað var með í fjárlögum ársins 2021.

Stjórnvöld stefna að því að auka aðhaldsstig ríkisfjármála á árinu 2022 og að reyna að draga úr hallarekstri án þess að skerða viðsýrnu hagkerfisins.

Útfærsla fjárlaganna er mestmegnis í samræmi við stefnumið fjármálaáætlunar 2022–2026. Nú er gert ráð fyrir betri afkomu en reiknað var með í vor þar sem efnahagshorfur hafa batnað verulega. Síðastliðið vor var áætlað að halli næsta árs gæti orðið um 6,6% af VLF en nú er áætlað að hann verði um 4,7%. Munurinn er um 54 ma.kr.


### Tvær skýringar á afkomubata

Afkomubatin milli ára skýrist að mestu af hærri tekjum og því að margar af tímabundnum ráðstöfunum ríkissjóðs vegna heimsfaraldursins eru að renna sitt skeið.

Áætlanir um tekjur hafa verið uppfærðar miðað við nýja þjóðhagsspá Hagstofunnar þar sem gert er ráð fyrir mun meiri hagvexti en reiknað var með í fjármálaáætluninni frá því í fyrra. Samtals er því reiknað með að tekjur verði 66 mö.kr. hærri en upphaflega var reiknað með.


Það eru einkum tvö málefna svið sem skýra yfirgnæfandi hluta lækkunar að raungildi. Annars vegar 45 ma.kr. vegna vinnumarkaðar og atvinnuleysis þar sem atvinnuleysi í ár verður nær örugglega verulega minna en í fyrra miðað við horfur. Hins vegar er um að ræða 8,2 ma.kr. lækkun til samgöngu- og fjarskiptamála. Búið er að fella

Niðurstaða fjárlaga



Heimild: Alþingi

Breyting afkomu ríkissjóðs 2021 - 2022



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



niður sérstakt fjárfestingarframlag til samgönguframkvæmda sem var fjármagnað með arðgreiðslum frá fjármálafyrirtækjum og lauk áttakinu á árinu 2021. Jafnframt verður dregið úr sérstöku fjárfestingaráttaki sem farið var í til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldursins.

### Fjárfestingaráttak

Margsinnis hefur verið fjallað um meint fjárfestingaráttak stjórnvalda í [Hagsjá](#) og hefur niðurstaða okkar verið sú að tæplega hafi verið hægt að tala um áttak í því sambandi þar sem opinber fjárfesting síðustu ára hefur ekki verið mikið meiri að raungildi en verið hefur á lengra tímabili.

### Breytingar frá fjárlögum 2021


Sé litið á einstaka málaflökka kemur í ljós að langmesta aukningin frá fjárlögum ársins 2021 er í sjúkrahúspjónustu, sem þarf ekki að koma á óvart í ljósi faraldursins. Af þeim sex málaflökum þar sem aukningin er mest milli ára eru fjórir tengdir sjúkrahúsum og heilbrigðisþjónustu og er samanlögð aukning til þessara málaflökka 16,5 ma.kr. milli ára.

Framlög til málaflökksins vinnumarkaður og atvinnuleysi minnka langmest milli ára, eða um 21,4 ma.kr. Næstmesta minnkunin er svo til samgöngu- og fjarskiptamála eins og fjallað var um hér að framan.

### Erfiðar áskoranir framundan


Markmið stjórnvalda er að auka aðhaldsstig ríkisfjármála á árinu 2022 og að reyna að draga úr hallarekstri. Það er ekki auðvelt viðfangsefni, sérstaklega ef faraldurinn heldur áfram að geysa í sama mæli og verið hefur.

### Mest aukning frá fjárlögum 2021



Heimild: Alþingi, Hagfræðideild Landsbankans

### Mest minnkun frá fjárlögum 2021



Heimild: Alþingi, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedeideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedeideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.